

Nr. 19 Lagt fram í Félagsdómi  
1. mars 2019

## GREINARGERÐ

stefnda í félagsdómsmálinu nr. 2/2019

Samtök atvinnulífsins  
gegn  
Alþýðusambandi Íslands, fh. Starfsgreinasambands Íslands  
vegna Eflingar-stéttarfélags

### Málflutningsumboð:

Karl Ó. Karlsson, hrl., Ingólfssstræti 5, Reykjavík, flytur málið fyrir hönd stefnda.

### Dómkröfur:

Þess er krafist að stefndi verði að sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.

Ennfremur að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hver sem úrslit málsins verða.

### Framlögð skjöl:

- Nr. 19 Greinargerð þessi.
- Nr. 20 Atkvæðaseðill vegna verfallsboðunar 8. mars 2019
- Nr. 21 Auglýsing stefnda um rafræna atkvæðagreiðslu vegna verfallsboðunar 8. mars 2019.
- Nr. 22 Útprentun af vef ASÍ: Verkföll, viðræðuslit og atkvæðagreiðslur.
- Nr. 23 Bókun Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusbands Íslands hjá Ríkissáttasemjara, dags. 6. apríl 2017.
- Nr. 24 Reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ, ásamt verklagsreglum við rafrænar atkvæðagreiðslur

### Málavextir:

Málavextir eru þeir að á fundi með stefnanda hjá ríkissáttasemjara þann 21. febrúar 2019 lýsti stefndi Efling-stéttarfélag því yfir að félagið teldi viðræður um endurnýjun

Karl Ó. Karlsson hrl.

Fulltrúi: Anna Lilja Sigurðardóttir hdl

LAG Lögmann sf., Ingólfssstræti 5, 4. hæð, 101 Reykjavík. Sími 562 2024. Fax 562 0610

Kt.: 470186-1519. Vsknr.: 11793. Banki 0334-26-103. Netfang: lag@lag.is

kjarasamnings aðila, sem rann út þann 31. desember 2018, hafa reynst árangurslausar og að féluginu væri að lögum heimilt að hefja undirbúning verkfallsaðgerða.

Að kveldi 21. febrúar 2019 samþykkti samninganefnd stefnda svofellda tillögu um verkfallsboðun:

*„Fundur samninganefndar Eflingar-stéttarfélags haldinn 21. febrúar 2019 kl. 20:00 samþykkir að láta fara fram almenna leynilega rafræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar meðal þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem vinna skv. kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi og sem rann út þann 31.desember 2018.*

*Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar-stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.*

*Vinnustöðvunin taki til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistiðstöðu þ.m.t. á göngum, salernum og í sameiginlegu rými á öllum hótelum og gistihúsum á því félagssvæði Eflingar-stéttarfélags sem tekur til starfa á veitinga- og gistihúsum sem nánar tilgreint er lögsagnar umdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.*

*Vinnustöðvun ofangreindra félagsmanna er tímabundin og hefst klukkan 10:00 að morgni 8. mars 2019 og lýkur klukkan 23:59 þann 8. mars 2019 nema kjarasamningar hafi tekist fyrir þann tíma.“*

Strax í kjölfar fundarins var birt auglýsing um að atkvæðagreiðsla um tillögu samninganefndar myndi hefjast kl. 10 að morgni 25. febrúar 2019 og ljúka kl. kl.22:00, fimmtudaginn 28. febrúar 2019.

Með tölvupósti stefnanda til stefnda þann 24. febrúar 2019 lýsti stefnandi þeirri afstöðu sinni að hann teldi að einungis þeir einstaklingar væru atkvæðisbærir um tillöguna, sem vinnustöðvun væri ætlað að taka til. Skoraði stefnandi á stefnda að stöðva þá þegar hina boðuðu atkvæðagreiðslu „og fylgja ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938“. Boðaði stefnandi jafnframt málshöfðun fyrir Félagsdómi yrði áskorunin virt að vettugi.

Erindi stefnanda var hafnað með tölvupósti lögmanns stefnda ASÍ þann 25. febrúar 2019 og þess sérstaklega getið af því tilefni að stefndi væri ekki að nýta sér heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Þann 25. febrúar 2019 kl. 10:00 hófst almenn leynileg rafræna atkvæðagreiðsla um tillögu samninganefndar stefnda um vinnustöðvun þann 8. mars 2019. Atkvæðagreiðslan stóð til kl. 22:00 fimmtudaginn 28. febrúar 2019. Samhliða var atkvæðisbærum félagsmönnum stefnda gert kleift að greiða leynilega atkvæði bréflega utan kjörfundar á skrifstofu Eflingar og í sérstaklega útbúinni bifreið. Framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar var í samræmi við reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ og verklagsreglur ASÍ við rafrænar atkvæðagreiðslur. Öllum atkvæðisbærum

félagsmönnum með skráð netfang hjá stefnda var ennfremur send tilkynning um atkvæðagreiðsluna ásamt hlekk á vefsþæði atkvæðagreiðslunnar, sbr. nánar áður tilvitnaða reglugerð og verklagsreglur ASÍ.

Stefndi lét útbúa kynningarbækling í tilefni af atkvæðagreiðslunni, sbr. dskj. nr. 10, þar sem fram koma upplýsingar um boðaðar verkfallsaðgerðir og réttaráhrif þess ef til verkfalls kemur.

Á atkvæðaseðli gat að finna eftirfarandi spurningu, ásamt ofangreindri tillögu samninganefndar stefnda :

*„Samþykkir þú tímabundna vinnustöðvun félagsmanna Eflingar þann 8.mars 2019 við þrif, hreingernigar og frágang herbergja og annarrar gistiaðstöðu, þar með talið á göngum, salernum og í sameiginlegu rými á öllum hótelum og gistiþúsum félagssvæði Eflingar samkvæmt neðangreindri tillögu samninganefndar Eflingar?“*

Tillöguna sjálfa var síðan að finna þar undir.

Á kjörskrá voru allir félagsmenn stefnda Eflingar-stéttarfélags sem taka laun samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda er varðar vinnu í veitinga- og gistiþúsum og hlíðstæðri starfsemi. Alls voru á kjörskrá 7.950 félagsmenn. Atkvæði greiddu 862. Samþykkir verkfallsboðun voru 769 og var verfall samþykkt með 89% greiddra atkvæða. Var stefnanda og ríkissáttasemjara tilkynnt um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar fyrir kl. 10 þann 1. mars 2019.

#### **Málsástæður, lagarök og önnur atvik:**

Ágreiningslaust er að hinu boðaða verfalli þann 8. mars 2019 er einungis ætlað að ná til hluta þeirra starfsmanna sem eru á atkvæðisskrá um verfallið, eins kemur fram í málavaxtalýsingu hvað atkvæðisskrá og verkfallsboðun varðar.

Eins og málið er lagt fyrir Félagsdóm af hálfu stefnanda er óumdeilt að ágreiningur aðila fyrir Félagsdómi snýr nú í fyrsta lagi að eftirfarandi úrlausnaratriði: Hvort stefnda hafi boríð að láta einungis þá sem verfallinu er ætlað að ná til greiða atkvæði um tillöguna, líkt og stefnandi byggir á og vísar af því tilefni til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Eða hvort stefnda hafi verð heimilt að láta fara fram rafræna leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu á meðal allra félagsmanna stefnda Eflingar-stéttarfélags, sem taka laun samkvæmt þeim kjarasamningi sem freistað er að ná fram breytingum á, þ.e. kjarasamningi stefnanda og stefnda er varðar vinnu í veitinga- og gistiþúsum og hlíðstæðri starfsemi, sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að atkvæðagreiðslan um hina umþrættu vinnustöðvun sé lögmæt og í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem og venjur á vinnumarkaði.

Líkt og vikið er að í stefnu þá var gerð umtalsverð breyting á ákvæðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með setningu laga nr. 75/1996, þ.m.t. hvað varðar ákvörðun um vinnustöðvun í 15. gr.

Áður en nefnd lagabreyting tók gildi á árinu 1996 þá var vinnustöðvun aðeins heimil ef ákvörðun hafði verið tekin: í fyrsta lagi með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu, sbr. nánar þágildandi ákvæði a-liðar 15. gr., í öðru lagi af samninganefnd eða félagsstjórn sem gefið hafði verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvun með almennri atkvæðagreiðslu, sbr. nánar þágildandi ákvæði b-liðar 15. gr. eða í þriðja lagi af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fólu ráðinu slíkt vald, sbr. nánar þágildandi c-lið 15. gr. Allt frá gildistöku laga nr. 80/1938 og fram til ársins 1996 hefur framkvæmdin verið sú að ákvarðanir um staðbundnar verkfallsaðgerðir eða takmarkaðar aðgerðir sem beinast að tilteknum fyrirtækjum, hafa ýmist verið teknað undangenginni almennri atkvæðagreiðslu eða af trúnaðarmannaráði á grunni heimildar í félagslögum. Í dæmaskini má nefna málsatvik í dóum í málum nr. 11/1940 (almenn atkvæðagreiðsla um verfall hjá einu fyrirtæki), 10/1944 og 4/1963 (trúnaðarráð samþykkir verfall hjá tilteknu fyrirtæki) 7/1965 (trúnaðarráð samþykkir verfalla í tilteknum borgarhluta) 1/1969 og 6/1975 (trúnaðarráð samþykkir samúðarverfall hjá tilteknum fyrirtækjum) og 7/1975 (trúnaðarráð samþykkir samúðarverfall vélstjóra á kaupskipum til stuðnings vélstjórum á togurum).

Með setningu 3. gr. laga nr. 75/1996, var gerð breyting á 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Við túlkun á 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna verður að hafa hugfast að réttur til þess að stofna stéttarfélög er sérstaklega varinn af 74. og 75. gr. stjórnarskrárinna nr 33/1944, sbr. 12. gr. stjórnskipunarlag nr. 97/1995, sem og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í 6. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu, sem Ísland hefur fullgilt, er enn fremur sérstaklega mælt fyrir um að aðilar sáttmálands skuli viðurkenna rétt verkafólks og atvinnurekenda til aðgerða þegar hagsmunárekstrar verði, þ.á.m. verfallsrétt. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 eiga menn rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagsambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er tekið fram að stéttarfélög ráði málefnum sínum með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum. Í 14. gr. laganna segir orðrétt: „*Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.*“ Hugtakið vinnustöðvun er sérstaklega skilgreint í 19. gr. laganna en þar segir að vinnustöðvanir í skilningi laga þessara séu verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildi um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna megi til vinnustöðvunar.

Félagsdómur hefur slegið því föstu í úrlausnum sínum að verfallsréttur er meginregla og sæti þeim takmörkunum einum sem greindar séu í lögum, en af því leiði að undantekningar frá meginreglunni beri að skýra þróngt. Vísast hér m.a. til dóms Félagsdóms í málinu nr. 9/2000. Félagsdómur hefur að sama skapi staðfest í úrlausnum sínum eftir gildistöku laga nr. 75/1996 að heimilt sé að boða til verfalla sem bundin eru við tiltekna vinnustaði, tiltekna verkbætti, tiltekinn hóp starfsmanna

eða sem markast af tímabundnum lotum. Vísast hér m.a. til dóma Félagsdóms í málum nr. 4/2016 og 9/2016.

Athygli vekur að í stefnu er skautað framhjá því að gera grein fyrir hljóðan ákvæða 1. og 2. mgr. 15. gr., en þess í stað er sett fram túlkun stefnanda á innitaki þessara málsgreina sem aðila greinir á um. Túlkun stefnanda á 1. og 2. mgr. 15. gr. er mótmælt af hálfu stefnda, en ákvæðin eru svohljóðandi:

*„Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þáttöku a.m.k. fimmungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þáttöku.“*

Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá **heimilt** að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. **Þarf** þá fimmungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.“

Orðalag ofangreinds ákvæðis er skýrt og ótvíráett. Bein orðskýring felur í sér þá meginreglu samkvæmt 1. mgr. að ákvörðun um verkfallsboðun eigi að taka við almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem taka laun samkvæmt þeim kjarasamningi sem freistað er að ná fram breytingum á, hér kjarasamningi stefnanda og stefnda er varðar vinnu í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, með þáttöku a.m.k. 20% atkvæðisbærra manna. Tillagan þarf að hljóta samþykki meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að beita almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu og er þá ekki gerð krafa um að tiltekið hlutfall atkvæðisbærra félagsmanna hafi tekið þátt. Þessi tilgreinda meginaðferð við ákvarðanatöku um verkfall er tæk án tillits til þess hvernig stéttarfélag hyggst framkvæma vinnustöðvun í skilningi laga 80/1938, þ.e. hvort um sé að ræða t.d. allsherjarverkfall eða verkfall sem bundið er við tiltekinn hóp félagsmanna eða tiltekinn vinnustað. Sé hins vegar ætlunin að boða til verkfalls sem bundið er við ákveðinn hóp félagsmanna eða starfsmenn á tilgreindum vinnustað, þá er stéttarfélagi „**heimilt**“, eins og berum orðum er kveðið á um í 2. mgr. 15. gr., að láta einungis þá sem verkfallinu er ætlað að ná til greiða atkvæði um það. Stéttarfélagið hefur val undir þessum kringumstæðum og taki stéttarfélag ákvörðun um að beita heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. og láta einungis þá félagsmenn sem verkfalli er ætlað að taka til greiða atkvæði um verkfallsboðun, þá þurfa 20% að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hið minnsta.

Ummæli í athugasemdum um 4. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum 75/1996 (varð að 3. gr. laganna) styður framangreint, en þar kemur m.a. fram að valin sé „*sú leið að gera það að ótvíræðri aðalreglu að vinnustöðvun sé aðeins boðuð að fengnu samþykki félagsmanna í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna.*“

...

*Ekki er ætlunin að torvelda félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Því marki má ná með öðrum hætti svo að ekki sé þörf á að krefjast tiltekinnar lágmarksþáttöku, þ.e. með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu um tillöguna þar sem kjörgögn eru send öllum atkvæðisbærum félagsmönnum til síns heima. Sé sá háttur á hafður er ekki gert ráð fyrir lágmarksþáttöku skv. 1. mgr.*

*Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.“*

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda að atkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 15. gr. undir þeim kringumstæðum sem uppi eru í máli þessu feli í sér að verið sé að beita ívilnandi ákvæði.

Tilvitnuð ummæli í lögskýringagögnum, sem vísað er til af hálfu stefnanda í stefnu, eru tekin úr samhengi og breyta engu um framangreinda reglu og rétta orðskýringu ákvæðisins. Tilvitnuð ummæli eiga einvörðungu við um þá aðstöðu ef tekin er ákvörðun um að beita heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Hefði löggjafinn haft í hyggju að lögfesta þann skilning sem stefnandi leggur nú í ákvæði 2. mgr. 15. gr., þá hefði löggjafinn orðað ákvæðið með öðrum hætti og mælt fyrir um skyldu til þess háttar atkvæðagreiðslu, en ekki heimild. Tilvísun í lögskýringagögnum til þeirra reglna sem gilda um opinbera starfsmenn skv. ákvæðum laga nr. 94/1986, hefur ekki sérstaka þýðingu gegn málatilbúnaði stefnda, enda ekki verið að lögfesta sömu reglur og þar giltu. Í því sambandi má m.a. benda á að í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum 75/1996, undir kaflanum „Ákvörðun um vinnustöðvun“ kemur fram að „[s]jónarmið að baki reglunni, sem eftirleiðis mun gilda um almennan vinnumarkað, eru svipuð þeim sem nú eiga við um opinbera starfsmenn, en þó eru sett mun vægari skilyrði. Almennt er stefnt að því að samræma eftir föngum reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði um gerð kjarasamninga og um verkfallsrétt.“ Í framsöguræðu félagsmálaráðherra kemur einnig m.a. fram að „[r]étt þykir að samræma kröfur um þessi efni þannig að skilyrði til vinnustöðvunar verði í meginatriðum þau sömu á öllum vinnumarkaðinum.“ Með öðrum orðum, löggjafinn var ekki að hlutast til um að sömu reglur myndu gilda við ákvarðanatöku um verkföll á almenna markaðnum skv. ákvæðum laga nr. 80/1938 og gilti um ákvarðanatöku á opinbera markaðnum skv. ákvæðum laga nr. 94/1986, enda aðstæður félagsmanna um margt ólíkar.

Tilvísun stefnanda til dóms Félagsdóms í málinu nr. 12/2015, sem fjallaði um staðbundið verkfall 13 félagsmanna í Stéttarfélagi háskólamanna matvæla- og næringasviði hjá Matvælastofnun á grundvelli ákvæða laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er mótmælt. Dómurinn hefur ekkert fordæmisgildi gegn málatilbúnaði stefnda. Dómurinn varðar túlkun á ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986, sem hefur aðra og ólíka reglu að geyma heldur en mælt er fyrir um í 15. gr. laga nr. 80/1938. Tilvitnuð orð í stefnu, sem tekin eru orðrétt úr dóminum, hafa að sama skapi enga þýðingu gegn málatilbúnaði stefnda, enda verður stöðu þeirra félagsmanna stéttarfélagsins sem verkfallið taldist ekki ná til í því máli (sem lögðu ekki

niður störf) ekki jafnað við stöðu þeirra félagsmanna stefnda hér sem boðað verfall þann 8. mars nk. telst ekki ná til. Ólíkar reglur gilda t.a.m. um möguleika atvinnurekenda til vinnustöðvana annars vegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hins vegar.

Stefnandi teflir í annan stað fram þeirri málsástæðu til vara, komist Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að atkvæðagreiðsla stefnda falli undir ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, að verfallsboðun stefnda sé allt að einu ólögmæt þar sem ekki hafi náðst sú fimmungs þátttaka sem áskilin sé í ákvæðinu. Atkvæðagreiðslan falli undir meginreglu 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. og geti ekki talist vera „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“ í skilningi 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. Stefndi hafnar þessari málsástæðu. Fyrir liggur að við atkvæðagreiðslu um verfallsboðun var beitt almennri leynilegri rafrænni atvæðagreiðslu, í stað póstatkvæðagreiðslu. Um heimild til þess að beita slíkri atkvæðagreiðslu og réttaráhrif vísast til bókunar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands hjá Ríkissáttasemjara, dags. 6. apríl 2017. Samkvæmt bókuninni sammæltust aðilar um að aðildarsamtökum ASÍ væri heimilt að nota rafræna atkvæðagreiðslu í stað almennrar leynilegrar póstatkvæðagreiðslu um gerðan kjarasamning skv. 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eða tillögu um vinnustöðvun skv. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. sömu laga. Segir í bókuninni að niðurstaða slíkrar rafrænnar atkvæðagreiðslu gildi óháð þátttöku og án þess að aðildarsamtök ASÍ eigi á hættu að gildi atkvæðagreiðslunnar verði dregið í efa fyrir dómi af þeim ástæðum. Stefndi vísar til bókunarinnar og byggir á því að stefnandi sé við hana bundinn. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar gildi óháð þátttöku. Sú ákvörðun stefnda að bjóða félagsmönnum upp á þann möguleika að greiða atkvæði utan kjörfundar bréflega, getur ekki haft áhrif á gildi hinnar almennu leynilegu rafrænu atkvæðagreiðslu, enda þess gætt í hvívetna að utankjörfundaratkvæði væru meðhöndlud í samræmi við áður nefnda reglugerð ASÍ og verklagsreglur. Við rafræna atkvæðagreiðslu skv. samkomulagi ASÍ og SA er stuðst við auðkenningu með íslyklum. Þar sem ákveðinn hluti félagsmanna hefur ekki aðgang að tölvu eða notast ekki við þá lykla eða rafræn skilríki, en engin almenn opinber skylda er til notkunar þeirra, bar brýna nauðsyn til þess að stefndi biði upp á þátttöku í atkvæðagreiðslunni með því að greiða atkvæði utan kjörfundar á pappír með hefðbundnum hætti. Það var framkvæmt þannig að kjósandi fékk afhent auk kjörseðils, tvö umslög. Eitt merkt „atkvæðaseðill“ hvar í fór atkvæðaseðill kjósanda eftir að hann tók afstöðu. Það umslag var sett í annað stærra, því lokað og það síðan áritað af kjósanda með nafni og kennitölvi til þess að tryggja að ekki væri hægt að greiða atkvæði bæði rafrænt og bréflega. Engin óeðlileg afskipti voru höfð af bréflegri atkvæðagreiðslu félagsmanna utan kjörfundar. Áréttar er að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar var í samræmi við nefnda reglugerð og verklagsreglur ASÍ.

Stefndi mótmælir því sem röngu að „fjölmargir aðrir annmarkar hafi verið á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu stefnda“, eins og fullyrt er í stefnu. Engin málsástæða er höfð uppi af þessu tilefni við úrlausn þessa máls af hálfu stefnanda og því óþarfi að reifa þau mótmæli stefnda frekar. Til þess er þó áskilinn réttur á síðari stigum ef tilefni gefst til.

Sektarkröfu stefnanda er mótmælt. Í þessu máli er tekist á um ólíka túlkun aðila máls þessa á ákvæði 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, þ.e. hvernig haga megi atkvæðagreiðslu um þá verkfallsboðun sem ætlað er að standa hluta úr degi þann 8. mars nk. og taka einungis til tiltekinna starfa. Jafnvel þó Félagsdómur féllist á kröfur stefnanda, er ljóst að hvorki telst vera um að ræða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga 80/1938, né verður talið líklegt hvað þá sannað að nokkurt tjón hafi hlotist af. Í þessu sambandi er vert að minnast þess, hvað sem líður tilvitnaðri afstöðu stefnanda í kjarasamningsviðræðum á árinu 2015, að stefnandi virðist ekki ávallt hafa verið þeirrar skoðunar sem hann er í dag, ef marka má málatilbúnað stefnanda í Félagsdómsmálinu nr. 4/2016.

Um lagarök víast til ákvæða laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 74. og 75. gr. Ennfremur til 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög 62/1994 og 6. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um virðisaukaskatt styðst við ákvæði laga nr. 50/1988, en stefndi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Áskilinn er réttur til þess að koma fram með ný gögn, málsástæður og lagarök fyrir og við aðalflutning málsins. Þá er áskilinn réttur til þess að leiða vitni dóm til skýrslutöku, eftir því sem tilefni er til.

Reykjavík 1. mars 2019,  
f.h. stefnda,



Karl Ó. Karlsson, hrl.

Til Félagsdóms.